

Utan dagskrár III

Forseti: Tillagan hljóðar þannig:

Lagt er til að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir taki sæti Þóreyjar Vilhjálmsdóttur í leikskólaráði. Þórey Vilhjálmsdóttir taki sæti varamanns í ráðinu í stað Hönnu Kristínar Skaftadóttur. Þá tekur Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir við formennsku í leikskólaráði í stað Ragnars Sæs Ragnarssonar og loks verður Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir varamaður í borgarráði í stað Sifjar Sigfúsdóttur.

Þessi tillaga hún krefst afbrigða. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja að taka þessa tillögu á dagskrá gefi merki. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Er óskað eftir því að ég lesi tillöguna aftur? Það er ekki óskað eftir því. Og þá leita ég eftir atkvæðum þeirra sem styðja þessa tillögu, þeir sem að gera það gefi merki. Tillagan er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum.

Þá er eftir að kynna bókanir í tengslum við 4. lið sem er lántaka Orkuveitu Reykjavíkur. Það var búið að kynna bókanir frá Samfylkingu, frá Ólafi F. Magnússyni. Bókun frá B og D, er hún tilbúin? Til máls tekur Óskar Bergsson borgarfulltrúi.

[Sjá neðan við umræður um 4. mál]

Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að leggja fram bókun í tengslum við 5. lið – umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa. Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

[Sjá neðan við umræður um 5. mál]

Forseti: Fleira er ekki til umfjöllunar á fundinum og er fundi slitið í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 2. mars kl. 22:15.